

Fundargerð 40. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjárfundi 17. nóvember kl 15.00.

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Aðalbjörg Óskarsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson og Kristján G. Jóakimsson,. Auk þeirra sat fundinn Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri sem ritaði fundargerð

Formaður setti fundinn og athugaði með boðun og dagskrá fundarins, ekki gerðar athugasemdir við boðun. Kynnti að Þórir Guðmundsson hefði boðað forföll og hans stað væri mætt Nanný Arna Guðmundsdóttir. Önnur forföll væru að hendi Shirans Þórissonar og Marzelíusar Sveinbjörnssonar og ekki hefðu verið boðaðir varamenn að þeirra hálfu.

Boðuð dagskrá fundarins.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Skýrsla framkvæmdastjóra - Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
2. Starfsmannamál
 - a. Ráðning verkefnastjóra nýsköpunar- og fjárfestinga hjá Vestfjarðastofu
 - b. Önnur starfsmannamál
 - c. Mannauðsstefna
3. C14 verkefni – Sameining og samstarf safna á Vestfjörðum
4. Tilnefning fulltrúa í verkefnastjórnir Brothættra byggða
5. Niðurstöður verkefnahópa Fjórðungsbings – yfirferð og úrvinnsla
6. Viðurkenning til Vestfjarða – Lonely Planet

Fundur stjórnar FV

7. Ályktanir Fjórðungsbings – eftirfylgni
8. Sóknaráætlun, framlög 2022
 - a. Tillaga um skiptingu framlaga
9. Breytingar á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga
 - a. Beiðni til sveitarfélaga um tilnefningu áheyrnarfulltrúa
 - b. Varamaður í stjórn – tilnefning Ísafjarðarbæjar
 - c. Sérstök málefni sveitarfélaga – mótun starfsreglna
 - d. Fjórðungsbíng á kosningasumri – kynning
 - e. Fastanefndir – Innviðanefnd í stað Samgöngunefndar
 - f. Þingsköp Fjórðungsbinga – kynning á breytingum
10. Lagt fram til kynningar
 - a. Skipan fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga í stýrihóp í úrgangsmálum
 - b. Póstmál til Byggðastofnunar - Skipan fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga í póstmálahóp
 - c. Minnisblað SSVN vegna póstmála
 - d. Fundargerð 163.& 164. fundar SSV 25. ágúst og 28. sept 2021
 - e. Fundargerð 69. og 70. fundar stjórnar SSVN 5. október og 2. nóvember 2021
 - f. Fundargerð – 30. fundar stjórnar SSNE 13. okt 2021 -
 - g. 573. stjórnarfundur SASS. 8. okt 2021

- h. 772. Stjórnarfundur SSS 20. okt 2021
- i. 531. fundur stjórnar SSH 16. sept 2021

11. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir
- b. Umsagnarbeiðnir
- c. Umsagnir til skoðunar

Gengið til dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

Formaður kynnti að 1. og 2. liðir dagskrár yrðu ræddir í einu lagi.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra - Sigríður Ó. Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu um verkefni frá 39. stjórnarfundum.

2. Starfsmannamál

- a. Ráðning verkefnastjóra nýsköpunar- og fjárfestinga hjá Vestfjarðastofu

Framkvæmdastjóri fór yfir auglýsingu, ráðningarferil og rökstuðning vil val á umsækjenda.

Niðurstaða framkvæmdastjóra er að til starfsins verði ráðinn Magnús Þór Bjarnason, Ísafirði. Hann er viðskiptafræðingur og með meistarapróf í alþjóðaviðskiptum.

- b. Önnur starfsmannamál

Framkvæmdastjóri kynnti að Lína Björg Tryggvadóttir hefði að eigin ósk sagt upp starfi verkefnastjóra og myndi hún ljúka störfum nú í lok nóvember. Stjórn, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri þakka Línu fyrir hennar störf fyrir Vestfjarðastofu og Fjórðungssamband og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Framkvæmdastjóri kynnti tímabundna ráðningu Auðar Steinberg í starf hjá Áfangastofu.

- c. Mannauðsstefna

Framkvæmdastjóri óskar eftir að þessum lið verði frestað til næsta.

3. C14 verkefni – Sameining og samstarf safna á Vestfjörðum

Lögð fram til kynningar skýrsla Vestfjarðastofu *Sameining og samstarf safna á Vestfjörðum* sem unnin er fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga með stuðningi C14 verkefnis Byggðaaáætlunar – *Samstarf safna – ábyrgðarsöfn*. Markmið verkefnisins er að efla safnastarf í landshlutum.

Sviðsstjóri kynnti að Skúli Gautason, menningarfulltrúi sem vann að skýrslunni, hefði nú kynnt efni hennar fyrir forsvarsmönnum safna og sýninga á Vestfjörðum og óskað hefði verið eftir fundi með Mennta og menningarmálaráðuneyti til að fylgja efni hennar eftir.

Til máls tók Elísabet Gunnarsdóttir.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu:

Skýrsla um Sameiningu og samstarf safna á Vestfjörðum verði lögð fram að nýju fyrir stjórn þegar fundum með söfnum og sýningum á Vestfjörðum og með mennta og menningarmálaráðuneyti er lokið. Skýrslan verði einnig lögð fram á vef Vestfjarðastofu og opnað fyrir ábendingar um efni skýrslunnar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Tilnefning fulltrúa í verkefnastjórnir Brothættra byggða

Framkvæmdastjóri kynnti að við starfslok Línu Bjargar Tryggvadóttur yrði að skipa sæti hennar í verkefnastjórnnum verkefnanna Öll vötn til Dýrafjarðar, Áfram Árneshreppur og Sterkar Strandir. Aðalsteinn Óskarsson situr í framangreindum verkefnastjórnnum.

Tillaga að nýjum fulltrúum er sem hér segir

Fulltrúi í verkefnastjórn ÖVD: Sigurður Líndal Þórisson, verkefnastjóri

Fulltrúi í verkefnastjórn StS: Agnes Arnardóttir, verkefnastjóri

Fulltrúi í verkefnastjórn ÁÁ: Agnes Arnardóttir, verkefnastjóri

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Niðurstöður verkefnahópa Fjórðungspings – yfirferð og úrvinnsla

Formaður lagði fram til kynningar niðurstöður þriggja verkefnahópa komu saman á 66. Fjórðungspingi. Verkefnahóparnir voru; *Tillögur til Vestfjarðastofu – Vestfjarðastofa til framtíðar. Tillögur til sveitarfélaganna – Samstarf fyrir íbúa. Tillögur til stjórnvalda - Vestfirðir til framtíðar* Til máls tóku auk formanns, Elísabet Gunnarsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson og Iða Marsibil Jónsdóttir.

Rætt um niðurstöðu verkefnahópanna og samþykkt samhljóða tillaga formanns um að vísa niðurstöðum til vinnufundar stjórnar í desember n.k.. Að auki verði niðurstöður vinnuhóps Tillögur til stjórnvalda nýttar í samtali við stjórnvöld.

6. Viðurkenning til Vestfjarða – Lonely Planet

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um verkefni atvinnulífs og sveitarfélaga í framhaldi af viðurkenningu Lonely Planet um að Vestfirðir séu efst á lista yfir svæði til að heimsækja á árinu 2022.

Formaður lagði fram bókun.

Stjórn Vestfjarðastofu þakkar þann heiður sem felst í þessari viðurkenningu og þakkar starfsfólki og ferðafjónum fyrir þrautseigju og mikla vinnu í þágu Vestfjarða, vinnu sem nú hefur skilað þessum árangri.

Bókun samþykkt samhljóða.

Formaður gerði tillögu um að efni minnisblaðs verði lagt fyrir vinnufund stjórnar í desember n.k. varðandi nánari útfærslu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundur stjórnar FV

7. Ályktanir Fjórðungspings – eftirfylgni

Lagðar fram til kynningar ályktanir 66. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, haldið 22. og 23. október s.l.. Formaður kynnti að efni ályktanna hefði verið kynnt fyrir viðkomandi ráðuneytum, þingmönnum, Vegagerð og sveitarfélögum. Stefnt er á að taka efni ályktana upp að nýju þegar ný ríkisstjórn hefur tekið mynduð.

Formaður gerði tillögu um að ályktanir sem vísað er til stjórnar varðandi orkumál, verði vísað til vinnufundar stjórnar í desember n.k..
Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Sóknaráætlun, framlög 2022

a. Tillaga um skiptingu framlaga

Lagður fram tölvupóstur frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti dags 8. nóvember s.l. þar sem kynnt er framlag til Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2022, með fyrirvara um afgreiðslu frumvarps til fjárlaga 2022. Framlagið er óbreytt frá árinu 2021 og nemur kr 97.565.437,-.

Lagt fram minnisblað til stjórnar frá sviðsstjóra, menningarfulltrúa og verkefnastjóra Sóknaráætlunar um skiptingu framlaga Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2022.

| A. Grunnframlög til Sóknaráætlunar árið 2022 | Upphæð |
|--|--------------------|
| Framlag ráðuneyta | 97.565.437 |
| Framlag sveitarfélaga (samningsbundið áhersluverkefni v. menningar) | 9.900.000 |
| Eldri styrkir til endurúthlutunar, Menningarráð, UV (2016-2017) og vextir 2018 og 2020, samþykkt fjárhagsáætlun 2022 | 4.161.611 |
| Niðurfelldir styrkir UV (2021) til endurúthlutunar, samþykkt fjárhagsáætlun 2022 | 1.200.000 |
| Niðurfelldir styrkir UV (2018-2021) tillaga stjórnar 17. nóv 2021 | 8.705.000 |
| Samtals | 121.532.048 |

| B. Ráðstöfun grunnframlags árið 2022 | Upphæð | Hlutfall |
|---|--------------------|-------------|
| Uppbyggingarsjóður | 67.100.000 | 55,2% |
| Áhersluverkefni (5,5 mkr Visit Westfj, 6 mkr Vestfjarðaleiðin, 7,5 mkr nýsk og samf.miðst, 7 mkr sýnilegir Vestf, 7,5 mkr Blámi og 9.9 mkr samningsb. áhersluverkefni v. menningar) | 43.400.000 | 35,7% |
| Umsýsla samnings | 11.032.048 | 9,1% |
| Samtals | 121.532.048 | 100% |

Sviðsstjóri kynnti að tillagan gerði ráð fyrir endurúthlutun niðurfelldra og endurgreiddra styrkja alls kr 8.705.000, sem er til viðbótar við þá fjárhæð sem tilgreind er í fjárhagsáætlun er samþykkt var á 66. Fjórðungsþingi Vestfirðinga fyrir árið 2022.

Formaður gaf orðið laust til máls tóku Aðalsteinn Óskarsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir.

Formaður bar tillöguna upp til afgreiðslu, tillagan samþykkt samhljóða.
Tillagan samþykkt samhljóða.

Í minnisblaði er einnig gerð tillaga um skiptingu framlags Uppbyggingarsjóðs eða sem hér segir;

Lagt er til að 67.100.000 kr. fari í úthlutun í Uppbyggingarsjóð 2022.

1. Menningarverkefni, - 22.100.000 kr. Þar af er 4.400.000 kr. þegar ráðstafað í langtímaverkefni sem nær til ársins 2022.
Alls til úthlutunar 2022 – 17.700.000 kr.
2. Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni – 27.000.000,- kr. Þar af er 0 kr. þegar ráðstafað í langtímaverkefni sem nær til ársins 2022.
Alls til úthlutunar 2022 – 27.000.000 kr.
3. Stofn - og rekstrarstyrkir til menningarstofnana - 18.000.000 kr. Þar af er 8.250.000 kr. þegar ráðstafað í langtímaverkefni sem ná allt til ársins 2022.
Alls til úthlutunar 2022 – 9.750.000 kr.

Formaður gaf orðið laust, enginn kvaddi sér hljóðs.

Formaður bar tillöguna upp til afgreiðslu, tillagan samþykkt samhljóða.

9. Breytingar á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga

66. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, samþykkti breytingar á samþykktum Fjórðungssambands og þingsköpum Fjórðungsþings og tóku þær þegar gildi.

- a. Beiðni til sveitarfélaga um tilnefningu áheyrnarfulltrúa (breyting skáletruð)

1. mgr 5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins

Kosning í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á haustþingi. Kjósa skal fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara. Kjörtímabil stjórnar eru 24 mánuðir, kosið skal í stjórn á kosningarári sveitarstjórna og aftur að tveimur árum liðnum. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfirðum. *Eigi sveitarfélag ekki stjórnarmann getur það tilnefnt áheyrnarfulltrúa sem hefur seturétt á stjórnarfundum.*

Lögð fram tillaga,

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga sendi erindi á sveitarfélögin Strandabyggð, Tálknafjarðarhrepp, Súðavíkurrepp, Árneshrepp og Kaldrananeshrepp og bjóði þeim að tilnefna áheyrnarfulltrúa á fundi stjórnar Fjórðungssambandsins.

Áréttað er að ekki eru greidd nefndarlaun að hálfu Fjórðungssambandsins til áheyrnarfulltrúa. Stjórn felur framkvæmdastjóra að veita áheyrnarfulltrúum aðgengi að gögnum stjórnarfunda Fjórðungssambandsins.

tillagan samþykkt samhljóða

- b. Varamaður í stjórn (breyting skáletruð) – tilnefning Ísafjarðarbæjar

2. mgr 5. gr Stjórn Fjórðungssambandsins

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsþing formann stjórnar, en stjórn kýs varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum. Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða missir kjörgengi, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum. *Hætti varamaður eða varamaður tekur sæti aðlmanns í stjórn, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag - skipa nýja varamann til næsta ársþings.*

Lögð fram tillaga

með vísan til 2. mgr 5. gr samþykkt Fjórðungssambands Vestfirðinga er tóku gildi þann 23. október 2021, óskar stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir tilnefningu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um skipan nýs fulltrúa í varastjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tilnefning þessi gildir þar til ný stjórn og varastjórn hefur verið kjörin á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti, en þingið verður haldið í september 2022.

Ástæða þessarar tilnefningar er að Marzelíus Sveinbjörnsson, sem kjörinn var á 65. Fjórðungsþingi Vestfirðinga í varastjórn Fjórðungssambandsins, tók sæti Hafdísar Gunnarsdóttur í stjórn Fjórðungssambandsins þann 29. mars 2021 samhliða úrsögn hennar úr bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Tillagan samþykkt samhljóða

- c. Sérstök málefni sveitarfélaga (ný grein) – mótun starfsreglna

8. gr. Sérstök málefni sveitarfélaga

Hvorki stjórn, né fundir Fjórðungssambands Vestfirðinga skulu hafa afskipti af sérmálum einstakra sveitarfélaga, nema þess sé óskað af viðkomandi sveitarstjórn, enda gangi afskipti ekki gegn hagsmunum annarra sveitarfélaga á sambandssvæðinu.

Lögð fram tillaga

stjórn Fjórðungssambandsins felur formanni, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra byggðapróunar að gera tillögu til stjórnar að starfsreglum um beitingu þessarar greinar samþykkt og tilgreini dæmi eftir því sem kostur er á.

Tillagan samþykkt samhljóða

- d. Fjórðungsþing á kosningasumri (ný grein) – kynning

10. gr. Fjórðungsþing á kosningasumri

Á því ári sem kosið er til sveitarstjórna skal stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga undirbúa og hafa umsjón með auka Fjórðungsþingi að sumri sem halda skal í fjarfundi.

Á dagskrá auka Fjórðungspings að sumri skulu vera þessi mál;

1. Kosning kjörnefndar og kosning fjárhagsnefndar fyrir Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti.
2. Önnur mál löglega fram borin.
3. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga

Lagt fram til kynningar

- e. Fastanefndir – Innviðanefnd í stað Samgöngunefndar (breyting skáletruð)

12. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa þrjár fastanefndir; Innviðanefnd, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og Fjárhagsnefnd.

Á Fjórðungspingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- Í *Innviðanefnd* skulu kosnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann *Innviðanefndar* með sérstakri kosningu og skal sá fulltrúi jafnframt eiga sæti í stjórn Fjórðungssambands. *Innviðanefnd* vinnur með stjórn, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðsstjóra byggðamála hjá Vestfjarðastofu að gerð og eftirfylgni *innviðaaáætlunar og við hagsmunagæslu vegna innviðauppyggingar*.

Lögð fram tillaga

Stjórn felur formanni stjórnar, formanni Innviðanefndar, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra byggðapróunar að gera tillögu að erindisbréfi fyrir Innviðanefnd og leggja fyrir stjórn Fjórðungssambands á næsta stjórnarfund. Sömu aðilum verði falið að leggja mat á umfangi á gerð Innviðaaáætlunar og leggi fram til umræðu í stjórn Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands.

Tillagan samþykkt samhljóða

- f. Þingsköp Fjórðungþinga – kynning á breytingum
Breytingar á 2. gr og 6. gr þingskapa lögð fram til kynningar

10. Lagt fram til kynningar

- a. Skipan fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga í stýrihóp í úrgangsmálum
Kynnt að landshlutasamtök sveitarfélaga hafi tilnefnt Eyþór Björnsson SSNE og Berglind Kristinsdóttir, SSS til vara.
- b. Póstmal til Byggðastofnunar - Skipan fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga í póstmálahóp
Kynnt að landshlutasamtök sveitarfélaga hafi tilnefnt Unni Valborgu Hilmarsdóttur, SSNV og Eyþór Björnsson, SSNE til vara.
- c. Minnisblað SSNV vegna póstmála - Lagt fram til kynningar.

Lagðar fram til kynningar fundargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga undir lið d, e, f, g, h og i

- d. Fundargerð 163. & 164. fundar SSV 25. ágúst og 28. sept 2021
<https://ssv.is/wp-content/uploads/2021/09/163-fundur-stjornar-SSV-fundargerð.pdf>
<https://ssv.is/fundargerð/164-ssv-stjorn/>
- e. Fundargerð 69. og 70. fundar stjórnar SSNV 5. október og 2. nóvember 2021
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-69-fundar-stjornar-ssnv-5-oktober-2021>
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-70-fundar-stjornar-ssnv-2-november-2021>
- f. Fundargerð – 30. fundar stjórnar SSNE 13. okt 2021 -
<https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-30-fundur-13-oktober-2021>
- g. 573. stjórnarfundur SASS. 8. okt 2021 - <https://www.sass.is/573-fundur-stjornar-sass-2-2-2-2/>
- h. 772. Stjórnarfundur SSS 20. okt 2021 - <https://sss.is/blog/fundir/772-stjornarfundur-sss-20-oktober-2021/>
- i. 531. fundur stjórnar SSH 16. sept 2021-
<https://ssh.oneportal.is/MeetingSearch/DisplayMeeting.aspx?id=46qzSH0GoEm1paGiGuvPkg1&text=>

11. Umsagnir:

Formaður kynnti að engin mál hafa verið til umsagnar né verið óskað eftir umsögnum frá Alþingi eða Samráðsgátt. Dagskrárliður fellur því sjálfkrafa niður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.50.